

Mál nr 14/2015

Ár 2016, þriðjudaginn 29. mars var haldinn fundur í siðanefnd HRFÍ.

Fyrir var tekið mál nr. 14/2015

X

gegn

Y

og kveðinn upp svohljóðandi úrskurður:

I. Málsmeðferð siðanefndar.

Í erindi kæranda (X) sem barst siðanefnd 25. ágúst 2015 er farið fram á úrskurð siðanefndar vegna þess að kærða (Y) hafi gerst brotleg við grundvallarreglur fyrir félagsmenn í HRFÍ með því að para rakkann W við tíkina V án þess að rakkinn væri með gilt augnvottorð við pörun. Kæran var send kærða til umsagnar með bréfi dagsettu 20. janúar 2016 og henni gefinn frestur til 17. febrúar til að skila inn andmælum. Svar dags 3. febrúar barst og var afrit af því sent kæranda til umsagnar. Kærandi svaraði ekki efnislega en bað um að haldið yrði áfram með málið. Þar eð siðanefnd taldi að öll gögn er máli skiptu væru fram komin þá ákvað hún að taka málið til úrskurðar.

II. Helstu málsatvik og ágreiningsefni.

Samkvæmt innsendu pörunarvottorði dagsettu 22. maí 2015 var rakkinn W paraður við tíkina V hinn 26. janúar 2015 án þess að rakkinn væri með gilt augnvottorð við pörun. Hundarnir eru af hundakyninu Golden Retriever og er rakkinn í eigu kærðu. Kærandi telur að með pöruninni hafi kærða gerst brotleg við grundvallarreglur fyrir félagsmenn í HRFÍ. Kærða svaraði því til að um yfirsjón af sinni hálfu hefði verið að ræða. Hún hafi verið í góðri trú um að öll heilsufarsmál rakkans væru í lagi, enda hafi gildistími augnvottorðsins verið naumlega útrunninn þegar pörun fór fram. Kærðu er mikið í mun að hafa í heiðri lög og reglur félagsins vill ekki undir neinum kringumstæðum taka þátt í eða stuðla að öðru en því að heilbrigðir hundar séu notaðir til undaneldis.

III. Forsendur.

Samkvæmt grundvallarreglum fyrir félagsmenn í HRFÍ skulu félagsmenn er nota hunda sína til ræktunar vera trúir ræktunarstefnu HRFÍ og vera vel að sér um það ræktunarmarkmið sem gildir fyrir viðkomandi hundakyn og í reglugerð um skráningu í ættbók, reglur sérdeilda varðandi undaneldisdýr segir um hundakynið Golden Retriever:

„Augnvottorð: Vottorð má ekki vera eldra en 18 mánaða við pörun. (Gildir frá 1. nóvember 1999). Greinist hundur með arfgenga vaxandi sjónurýrnun (PRA) fást hvolpar undan honum ekki

ættbókarfærðir. Hundurinn, foreldrar og afkvæmi hans eru sett í ræktunarbann. (Gildir frá 01.09.2012).

Óumdeilt er að á þeim tíma sem pörunin átti sér stað var rakkinn ekki með gilt augnvottorð. Augnvottorðið er eitt þeirra vottorða sem áskilin eru um heilsufarsskoðun hundakynsins og mikilvægt að það liggi fyrir við pörun til þess að tryggt sé að hundurinn beri ekki með sér arfgengan augnsjúkdóm. Kærða hefur upplýst að hún hafi verið í þeirri trú að öll heilsufarsvottorð rakkans væru í lagi en í ljós hafi komið að augnvottorðið var naumlega útrunnið. Stuttu eftir pörun var farið var með rakkann í augnskoðun, sem hann til allra heilla stóðst.

Siðanefnd telur það ekki breyta brotinu að rakkinn hafi staðist augnskoðun eftirá, það var ekki fyrir séð. En kærða hefur ekki áður svo vitað sé gerst brotleg við reglur félagsins og telur siðanefnd því hæfilegt að áminna kærðu.

#### IV. Niðurstaða.

Kærða, Y telst hafa gerst brotleg við grein 2.6 í grundvallarreglum fyrir félagsmenn í HRFÍ.

Kærða er áminnt.

f.h. siðanefndar

---

Anna María Flygenring

---

Guðríður Þorbjörg Valgeirsdóttir

---

Kristín Sveinbjarnardóttir